

Kirkjuþing 2025-2026

26. mál – þskj. 26a

T I L L A G A

til þingsályktunar um eflingu ungs fólks innan þjóðkirkjunnar, þ.m.t. fulltrúa í sóknarnefndum.

Flm. Ásmundur Máni Þorsteinsson.

Kirkjuþing samþykkir að beina því til biskups Íslands að sóknarnefndir þjóðkirkjunnar verði hvattar til að efla aðgengi ungs fólks í nefndarstörf á þeirra vegum s.s. í sóknarnefndir.

Greinargerð.

Kirkjuþing unga fólksins, sem haldið var í Fella- og Hólakirkju þann 19. október 2025 samþykkti eftirfarandi ályktun:

Kirkjuþing unga fólksins hvetur sóknarnefndir þjóðkirkjunnar að efla aðgengi ungs fólks í nefndarstörf kirkjunnar og ályktar að með fjölgun þeirra muni fulltrúum unga fólksins á kirkjuþingi fjölga og bætir mikilvægi málefna sem m.a. KUF leggur til.

KUF á sinn fulltrúa á kirkjuþingi sem hefur áheyrnarétt en ekki atkvæðisrétt. Til að stuðla að þátttöku ungs fólks innan kirkjunnar og gera þeim kleift að hafa raunveruleg áhrif, leggur KUF til að sóknarnefndir reyni að móta aðgengi ungs fólks inn í sóknarnefndir, t.d. með því að kjósa ungt fólk í sóknarnefndir, sem gerir þá ungu fólki kleift að vera kjörið á Kirkjuþing. Af þeim fulltrúum væri þá hægt að skipa einn fulltrúa sem situr auk sinnar sóknarnefndar fyrir hönd KUF. Í starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir nr. 16/2021-2022 er kveðið á um í 3. gr. að "sóknarbörn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum þegar þau eru fullra sextán ára." Þrátt fyrir þessa breytingu er ekki að sjá að hlutfall ungs fólks í sóknarnefndum hafi aukist. Þessu þarf að breyta. Mögulega með ungmennarráði innan sóknarnefnda þar sem formaður situr í sóknarnefnd og uppfyllir þar með skilyrði til kjörs á kirkjuþingi. Ætla má að ef að vel takist til að fjölga ungu fólki í sóknarnefndum leiði það til lengri tíma til þess að fulltrúum unga fólksins fjölgi á Kirkjuþingi og vægi þeirra aukist og gerir málefni komandi kynslóða að stöðugleika innan kirkjuþings hinu almenna.